

Greinargerð varðandi sjálfstæði Engidalsskóla árið 2018.

Engidalsskóli var stofnaður árið 1978 og hefði orðið 40 ára í ár ef hann hefði verið sjálfstæður skóli. Það hefur alltaf verið faglegt og öflugt skólastarstarf í skólanum. Hann var m.a. fyrsti grænfánaskóli Hafnarfjarðar og mjög virkur á þeim vettvangi og í fleiri verkefnum. Við sameininguna við Víðistaðaskóla lögðust ýmis verkefni í dvala en hafa flest verið endurvakin núna og m.a. fékk skólinn grænfánann afhentan í áttunda sinn nú í desember. Það er mikilvægt fyrir hvern skóla að geta haft tækifæri til að ákveða sjálfstætt hvernig verkefni og þróunarvinna fer fram í skólanum. Þetta er erfitt í framkvæmd þegar skólinn er partur af stórrri einingu þar sem ekki er eins mikið svigrúm til að gera vissa hluti því það er flóknara að fá fjölmennan vinnustað til að ganga í takt en fámennan. Það eru sömu aðstæður í báðum skólunum og á sameiginlegum starfsmannafundum fer meiri hluti fundartíma í að ræða málefni er varða stærri starfsstöðina þar sem þar eru bæði mið- og unglíngastig. Það sem gerir þennan samrekna grunnskóla flóknari er að yngsta stig skólans er á tveimur starfsstöðvum með mjög ólíkar aðstæður hverju sinni, nemendafjöldi, aðstaða til afnota og fleira. Það væri einfaldara að reka samrekinn grunnskóla ef eitt stig væri sér í húsi eins og t.d. unglíngastig. Ástæðan fyrir að yngsta stigið er á tveimur starfsstöðvum er auðvitað vegna vegalengdar í skólann.

Búið er að vinna vel að sameiningu skólanna tveggja, vinna saman hefðir og ferla í sátt við alla aðila. Starfsfólki í Engidal leið verulega illa fyrstu árin eftir sameininguna en unnið var vel í því að bæta starfsaðstæður og líðan. Einnig hefur nýtt starfsfólk komið til starfa sem ekki þekkir aðstæður fyrir sameiningu. Nú líður starfsfólki í Engidal mjög vel og finnst gott að vinna í lítilli einingu þar sem fram fer mjög gott og faglegt starf í sífelldri þróun og sú þróun hefur m.a. verið í mjög frjóu samstarfi við leikskólann Álfaberg.

Fagleg rök:

- **Samstarf kennara** í sama árgangi og á stigi er lykilatriði fyrir góðu og faglegu starfi í skólum almennt. Þarna er þröskuldur að það er erfitt fyrir kennara að hittast á milli starfsstöðva því þeir eru ekki dagsdaglega á sama stað og því skapast ákveðin fjarlægð sem getur verið erfitt að brúa.
- Það að vera lítið útibú frá stórum skóla á tveimur starfsstöðvum getur dregið úr grósku í skólastarfinu, t.d. ef kennarar og stjórnandi á annarri starfsstöðinni vilja fara í nýtt verkefni eða vinnulag en kennarar og stjórnendur á hinn starfsstöðinni hafa ekki áhuga þá skapast togstreita á milli starfsstöðva. Þetta kemur af og til upp í starfinu og kom m.a. upp varðandi vorskóla en auðvitað var tekin ákvörðun sameiginlega og málið leyst. Svona aðstæður koma upp meðal annars vegna ólíkra aðstæðna og menningar á starfsstöðvunum þó svo að búið sé að vinna alla ferla og hefðir saman og allir séu jákvæðir. Það skapast nánara samstarf meðal starfsmanna í lítilli einingu og nánd við nemendur verður meiri og það er mun auðveldara að breyta og framkvæma hugmyndir með stuttum fyrirvara. Þetta getur verið hamlandi fyrir litlu starfsstöðina.
- Það er erfitt að hafa ólíkt starf innan sömu deildar á tveimur starfsstöðvum það veldur stundum togstreitu hjá kennurum því ekki er alltaf hægt að hafa eins starf á báðum stöðum þar sem aðstæður eru oft ólíkar t.d. aðstæður í skólahúsnæðinu og aðgengi, mismunandi fjöldi í hópum sem ekki verður ráðið við. Þetta kemur oft fram í smiðjukennslu í list- og verkgreinum og hvernig hægt er að skipuleggja stuðning eða sérkennslu.

- **Aðstoðarskólastjórinn í Engidal:** Undanfarin ár hefur einn stjórnandi, aðstoðarskólastjóri séð um daglegan rekstur starfsstöðvarinnar í Engidal en skólastjóri kemur vikulega í skólann og er hálfan dag. Það gefur auga leið að eini stjórnandinn á staðnum á erfitt með að vera í daglegu samstarfi við hina stjórnendurna eða að mæta á stjórnendafundi þegar enginn stjórnandi getur verið á vaktinni á meðan hann fer úr húsi. Þetta skapar öryggisleysi ef eitthvað kemur upp á og jafnvel þó stjórnandinn sé í húsi þá getur tvennt komið fyrir í einu. Ef stjórnandi er veikur þá er enginn á staðnum nema skólastjórinn fari á staðinn til að leysa af en það getur verið erfitt því vegna daglegs skipulag hans þá þarf oft að fresta fundum og breyta skipulagi og fara yfir í hina starfsstöðina. Vanmönnum veldur skorti á öryggi fyrir nemendur og starfsmenn sem erfitt er að bera ábyrgð á. Það að einn skólastjóri sé yfir tveimur starfsstöðvum gerir það að verkum að skólastjórinn nær lítið að vera með í skólstarfinu dags daglega og þróun þess. Nemendur sakna þess að hafa ekki skólastjórann oftár á staðnum og eru glaðir þegar hann kemur.
- **Grunn- og leikskólinn í Engidal** eru í mjög góðu samstarfi og eru ýmsar hugmyndir varðandi frekara samstarf í huga. Má þar nefna að kennarar og stjórnandi í Engidal fóru til Danmerkur að skoða flæðandi skólabyrjun þar sem nemendur í leik- og grunnskóla eiga í nánú samstarfi og geta komið inn í skólann tvisvar á ári, sumir nemendur byrja í ágúst en aðrir byrja í febrúar. Slíkt verkefni væri tilvalið tilraunaverkefni í Engidalsskóla þar sem leikskólinn er innanhúss og er nú þegar í miklu samstarfi við skólann. Fleira má nefna sem tengist samstarfi við leikskólann, elsti hópurinn á leikskólanum tekur vikulega þátt í samveru, sameiginlegri hringekju síðan koma þau á jólakaffihús og borða í matsal skólans tvisvar í viku og nýta sér bókasafn skólans og íþróttahús. Á vorin vinna þau sameiginlegt þemaverkefni með 1. bekk. Þetta er viðbót við hefðbundið samstarf leik- og grunnskóla. Að öðru leyti er fastmótað módel af samstarfi leik- og grunnskóla eins og aðrir leik- og grunnskólar í hverfinu eru með.

Félagsleg rök:

- **Starfshópurinn í Engidal** er náinn og vinnur þétt saman og langar stundum að hafa félagslífið sér. Hópurinn upplifir sig sem lítinn hóp sem kemur utan að inn í stóran starfsmannahóp sem er meira ríkjandi. Ef Engidalshópurinn tekur sig út úr stóra hópnum veldur það stundum togstreitu innan alls hópsins. Hópurinn Víðistaðamegin upplifir að hann opni á alla viðburði fyrir allan skólann en svo sækir Engidalur í að vera stundum sér. Þetta getur valdið árekstrum og orðið VIÐ og ÞIÐ stundum en er auðvitað leyst hverju sinni. Það þarf líka að passa vel upp á að fólk þekki alla þar sem fólk hittist ekki í matar- og kaffitímum dags daglega.

Hagnýt rök:

- **Að vera með sama stig 1. - 4. bekk á tveimur starfsstöðvum** er erfiðara í samstarfi innan árganga þar sem alltaf þarf að fara á milli til að vinna saman. Tímafrekt er að fara á milli starfsstöðva og þarf að greiða fólki fyrir ferðir á skólatíma t.d. vikulega samstarfsfundi, teymi ýmiskonar og starfsmannafundi. Ekki gefst kennurum kostur á að vinna daglega saman á milli starfsstöðva og er það verulegt óhagræði.
- **List- og verkgreinakennarar** sem kenna á báðum starfsstöðvum þurfa að halda utan um tvær kennslustofur sem er viðbótarálag og kennarar vilja fá greiðslur fyrir auka álag sem er greitt sérstaklega fyrir.
- **Stjórnendur** eru allir með einn launaflokk vegna tveggja starfsstöðva þar sem það gerir störf þeirra flóknari.
- **Upplýsingaflæði** verður flóknara þar sem hlutir eru oft ræddir á staðnum dags daglega og ekki alltaf fundað um hverja ákvörðun.
- Það þarf fulltrúa frá báðum starfsstöðvum í teymi eins og t.d. öryggisteymi, SMT teymi, þemateymi og fleira því það verður að vera fulltrúi sem stýrir vinnunni á báðum starfsstöðvum. Þá þarf líka að borga tvöfalt fyrir teymisstjórn sem þarf að taka tillit til í úthlutun.
- **Bókasafn** er á báðum starfsstöðvum og úthlutun hefur verið út frá nemendafjölda en ekki eru samlegðaráhrif á milli safna hvað það varðar og þarf að kaupa tvöfalt magn af bókum fyrir yngsta stigið á kostnað annarra stiga.
- **UT málin.** Engidalur er heill skóli með skrifstofuálmum og öllum list- og verkgreinastofum og sér tölvukerfi. Starfsstöðin þarf heilmikla þjónustu í tengslum við tölvukerfi, tölvur, net, spjöld og vinnuáðstöðu kennara og leikskólans.
- **Stjórnunaráalma Engidalsskóla** er samrekin með leikskólanum en skólastjóri Víðistaðaskóla heldur utan um reksturinn þó hann sé ekki í húsi dags daglega.
- **Viðhald.** Það að vera með stóran skóla á tveimur starfsstöðvum hefur komið niður á viðhaldi þar sem úthlutun miðast við einn skóla að mestu og hefur ekki dugað fyrir viðhaldi á t.d. tveimur smíðastofum, tveimur íþróttasölum, þremur myndmenntastofum, tveimur heimilisfræðistofum og tveimur skrifstofuálmum. Það hefur skort á að taka tillit til þessara aðstæðna til langs tíma. Engidalsskóli var í mikilli þörf fyrir viðhald við sameiningu og var mun verr settur en Víðistaðaskóli að mörgu leyti, t.d. voru krítartöflur enn í skólanum þar til fyrir ári síðan og ekki hefur verið málað þar í 18 ár innanhúss. Smíðastofan í Engidal er ekki kennsluhæf þar sem öryggi er ábótavant og vélar gamlar. Viðhaldsfjármagni hefur verið skipt eins og kostur er á milli starfsstöðva og eins hefur fjármagni til innkaupa á búnaði og öðru verið skipt hlutfallslega jafnt.
- **Stjórnun.** Stjórnun skóla á tveimur starfsstöðvum er mun flóknari í öllu skipulagi og upplýsingamiðlun og enn flóknari þar sem sama stigið er á tveimur stöðum. Stjórnandi sem er einyrki á starfsstöð missir af faglegum umræðum sem eiga sér stað dags daglega þegar stjórnendur starfa hlið við hlið. Skólastjóri getur ekki verið á öllum viðburðum í skólunum samtímis og þarf oft að velja á milli ef ekki er hægt að skipuleggja hlutina öðruvísi. Við teljum að kostnaður við að Engidalsskóli verði sjálfstæður grunnskóli verði svipaður og er nú þegar ef grannt er skoðað.

- Að lokum viljum við taka fram að það sem hér kemur fram er einungis það sem við teljum að skipti einna mestu máli í þessu samhengi. Ef eitthvað er óljóst eða þið þurfið nánari upplýsingar þá er velkomið að hafa samband við undirritaðar.

Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri sameinaðs Víðistaðaskóla
Gyða Kristmannsdóttir, aðstoðarskólastjóri sameinaðs Víðistaðaskóla

- Áhugavert að skoða rannsókn sem Reykjavíkurborg gerði á sameinuðum skólum.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/uttekt_-_addragandi_stofnunar_skola-og_fristundasvids_og_sameiningarferli_skola_-_januar_-_2015.pdf